



Reglur um tíma opnunar og veitingasölu veitinga- og skemmtistaða í Vestmannaeyjum

Reglur þessar byggja á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð 1277/2016. Sýslumannsembætti í hverju umdæmi gefur út rekstrar- og tækifærisleyfi skv. 23. gr. reglugerðarinnar en skv. 26. gr. sömu reglugerðar skal leyfisveitandi senda umsókn ásamt fullnægjandi gögnum til umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Bæjarráð samþykkir að hafa opnunartíma veitingahúsa með áfengisveitingar sem hér segir:

- a) Veitingastaðir í flokki II skv. 17. gr. reglugerð nr. 1277/2016 eru skilgreindir sem umfangslitlir áfengisveitingastaðir, þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist, og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Veitingasala er heimil á meðan opnunartíma stendur sunnudaga til fimmtudaga:

Lokunartími er eigi síðar en kl. 01:00

Veitingasala er heimil á meðan opnunartíma stendur aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga:

Lokunartími er eigi síðar en kl. 03.00

- b) Veitingastaðir í flokki III skv. 17. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 eru skilgreindir sem umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er hávær tónlist og kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.

Veitingasala er heimil á meðan opnunartíma stendur sunnudaga til fimmtudaga:

Lokunartími er eigi síðar en kl. 02:00

Veitingasala er heimil á meðan opnunartíma stendur aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga:

Lokunartími er eigi síðar en kl. 04:00



**Undantekningar á opnunartíma í flokki III sem eru þó háðar tækifærisleyfi hverju sinni.
Veitingasala er heimil á meðan opnunartíma stendur.**

Aðfararnótt 1. janúar

Lokunartími er eigi síðar en kl. 06:00

Aðfararnótt fimmtudags og föstudags fyrir verslunarmannahelgi

Lokunartími eigi síðar en kl. 04:00

Aðfararnótt föstudags fyrir Goslok

Lokunartími eigi síðar en kl. 03:00

Aðfararnótt sunnudags fyrir Goslok

Lokunartími eigi síðar en kl. 05:00

Opnunartími í flokkum II og III er frá kl. 06:00 en ekki má opna að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tvær klukkustundir eru liðnar frá lokun.

Bæjarráð verður ætíð heimilt að veita jákvæða umsögn um lengri opnunartíma vegna sérstakra tilefna.

Staðsetning veitinga- og skemmtistaða í Vestmannaeyjum.

Þegar umsögn er veitt vegna veitinga- og skemmtistaða skal farið eftir ákvæðum aðalskipulags Vestmannaeyjabæjar og eftir atvikum deiliskipulagi viðkomandi svæða. Almennt er gengið út frá því að á miðsvæðum skuli fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfssemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Í aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002 til 2014 er miðsvæði bæjarins skilgreint á eftirfarandi svæði:

„Mörk svæðisins eru í suðri við Hvítungaveg, Skólaveg frá Hásteinsvegi að vestan, Vesturveg að sunnan, Heiðarveg í vestri frá Hásteinsvegi að Strandvegi. Að norðan afmarkast svæðið við Tangagötu/Brattagarði og að austan markast svæðið af Kirkjuvegi suður að Hvítungavegi.“



Innan þessa svæðis hefur miðbær Vestmannaeyja verið skilgreindur. Með aðalskipulaginu hefur Vestmannaeyjabær ákveðið að þetta svæði skuli vera vettvangur þjónustu og þangað skuli slíkri starfsemi beint. Ljóst er að ekki verður hruflað við veitinga- og skemmtistaðastarfsemi sem nú þegar er til staðar utan við hið skilgreinda miðsvæði Vestmannaeyjabæjar, en leitast skal við að beina nýrri starfssemi þess eðlis á miðbæjarsvæðið.

Bæjarráð hvetur rekstraraðila til að gæta sérstaklega að umgengni og reglu í nánasta umhverfi við rekstrarstaðina, fara eftir þeim reglum og skilyrðum sem sett eru fyrir rekstrinum og að gæta hófs í tengslum við sambyli við nágranna og aðra bæjarbúa.

Reglurnar taka gildi frá og með 1. febrúar 2026.